

Reikningsskilaráð ríkisins

38. Fundur – 13. nóvember 2019 kl. 09:00

Fundargerð

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Anna Birgitta Geirfinnsdóttir og Björn Þór Hermannsson mætt. Ólafur Hjálmarsson boðaði forföll.
- Fulltrúar Hagstofu: Gunnar Axel Axelsson og Björn Rúnar Guðmundsson
- Fulltrúi ríkisendurskoðanda: Birgir Finnbogason.
- Gestir frá fjármála- og efnahagsráðuneyti: Elín Guðjónsdóttir fulltrúi tekjuhóps og Katrín Anna Guðmundsdóttir vegna erindis varðandi LÍN
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 37. fundar samþykkt.

2. Erindi til reikningsskilaráðs.

Reikningsskilaráði hefur borist erindi frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu um málefni LÍN og Menntasjóð námsmanna. Katrín Anna fór yfir erindið sem er í 8 liðum. Rætt um mikilvægi þess að almennar reglur liggi fyrir og séu skýrar. Vinnuhópi falið að skoða með svar sem verður rætt á næsta fundi.

3. Tekjuhópur, niðurstöður.

Elín Guðjónsdóttir fulltrúi tekjuhóps gerði grein fyrir niðurstöðum vinnuhóps varðandi flokkun tekna:

- Úrvinnslugjald, flokkast áfram sem skattur;
- Gjald fyrir hreindýraleysi, flokkast sem þjónustutekjur stofnunar;
- Gjald fyrir veiðikort, flokkast áfram sem skattur;
- Útgefin starfsleyfi Umhverfisstofnunar, flokkast áfram sem skattur.
- FME gjald, sem hefur verið flokkað sem skattur, umræða var um hvort eigi að flokka sem þjónustutekjur stofnunar en lokaákvörðun liggur ekki fyrir.

Á næsta fundi ráðsins verður tekin endanleg afstaða til tillagna vinnuhópsins.

4. COFOC og hagræn skipting.

Rætt var um mikilvægi þess að fela gjaldahópnum að ljúka yfirferð á COFOC-flokkun gjalda ríkissjóðs og hagræna flokkun þeirra. Fram kom á fundinum að fyrir upb 2 árum var búið að leggja töluverða vinnu í báðar flokkanirnar og er mikilvægt að afraksturinn af því starfi verði nýttur og verkefninu lokið. Samband verður haft við vinnuhópinn og óskað eftir að þetta starf verði unnið sem allra fyrst.

5. Innleiðingaráætlun, næstu skref

FJS er að yfirfara einstaka staðla IPSAS mtt að hve miklu leyti þeir hafa verið uppfylltir. Fjársýslustjóri mun gera grein fyrir þessari vinnu á næsta fundi ráðsins.

6. Önnur mál

Ekki var annað rætt og fundi slitið kl. 10:30.

Næsti fundur miðvikudaginn 4. desember kl. 08:00.